

Viðbrögð Blönduósbæjar við Covid-19 veirunni og hertu samkomubanni, til 4. maí '20.

Skjal þetta mun verða lifandi plagg með helstu upplýsingum um aðgerðir sem teknar hafa verið.

Allir íbúar eru hvattir til að leita almennra upplýsinga um faraldurinn og viðbrögð við honum inni

heimasíðum: www.covid.is, www.landlaeknir.is, www.almannavarnir.is, og www.heilsugaesla.is.

Mælst er til að þeir sem þurfa á þjónustu deilda/stofnanna Blönduósbæjar að halda, hafi samband

símleiðis eða með tólvupósti, **en koma helst ekki á starfstöðvarnar á meðan þetta ástand varir.**

Helstu ákvarðanir sem teknar hafa verið hjá sveitarfélaginu nú þegar eru eftirfarandi:

- **Leikskólinn Barnabær:** Starfræktur með breyttu sniði. Skólastjórnendur munu upplýsa og kynna foreldrum breytingar þegar þær verða. **Skólinn er lokaður fyrir heimsóknum.** Breytingar geta orðið með stuttum fyrirvara, þær munu verða tilkynntar til foreldra. *Fylgist með tilkynningum og breytingum á heimsíðu skólans.*
- **Blönduskóli:** Starfræktur með breyttu sniði. Skólastjórnendur munu upplýsa og kynna foreldrum breytingar þegar þær verða. **Skólinn er lokaður fyrir heimsóknum.** Breytingar geta orðið með stuttum fyrirvara, þær verða tilkynntar til foreldra ef og þegar þær verða. **ATH:** Mötuneyti verður lokað, *athuga með nesti* og meginkennsla verður frá 08 – 12:00+
- **Tónlistarskóli:** Engin kennsla verður í tónlistarskóla, nema með *fjar* í samráði við kennara.
- **Skólalagheimili:** Skólalagheimil verður opið. Aðeins fyrir 1. og 2 bekk, frá kl 12 - 15:00
- **Félags- og skólaþjónusta:** Verður skert næstur fjórar vikurnar, takmarkaðar heimsóknir.
- **Íþróttamiðstöðin á Blönduósi:** *Verður nú lokað, samkvæmt ákvörðun almannavarna.*
- **Skjólíð:** *Verður lokað.*
- **Félagsstarf aldraðra:** *Verður fellt niður á meðan samkomubann er í gildi.*
- **Bóka- og Skjalasafn A-Hún:** LOKAÐ – ATH bokasafn@blonduos.is, / skjalhun@blonduos.is
- **Hnitbjörg:** Takmarkaðar heimsóknir.
- **Bæjarskrifstofa:** Er nú lokað fyrir almennri afgreiðslu og heimsóknum. **Sími: 455 4700**
- **Þjónustumiðstöð:** Er nú lokað fyrir almennri afgreiðslu og heimsóknum. **S - 452 4175**
- **Sorphirða:** Verður með hefðbundnu sniði.
- **Íþrótt- og tómstundastarf:** *Allt skipulagt íþróttastarf hefur verið fellt niður.*

Íbúar eru hvattir til að fylgjast vel með heimasíðu Blönduósbæjar, Blönduskóla og Barnabæjar þar sem upplýsingum um breytingar verður komið inn. Sjá meðfylgjandi:

Blönduósbær	https://www.blonduos.is/
Blönduskóli	https://www.blonduskoli.is/
Barnabær	http://www.barnabaer.leikskolinn.is/
Félags og skólaþjónusta A-Hún	http://www.felahun.is/
Íþróttamiðstöðin	http://imb.is/

Valdimar O Hermannsson, Sveitarstjóri